

Samþykkt ályktun um list- og verkgreinar

Sjötta þing KÍ haldið 1. - 4. apríl 2014 leggur áherslu á að list- og verkgreinar og skapandi starf séu virkir grunnþættir alls skólastarfs.

Þingið felur stjórn KÍ, skólamálaráði þess og skólanefndum aðildarfélaga að finna leiðir til að efla og auka vægi list- og verkgreina í öllu menntakerfinu. Þingið hvetur skólastjórnendur og kennara á sama hátt að finna leiðir til að efla og auka vægi list- og verkgreina og skapandi kennsluáðferða.

Það er óumdeilt að efling list- og verkgreina er í samræmi við hugmyndafræði nýrrar menntastefnu sem og þær áherslur sem horft er til við að auka gæði menntunar á alþjóðlegum vettvangi. List- og verknám styður við menntun sem samþættir líkamlega, vitsmunalega og skapandi eiginleika mannsins og stuðlar að öflugum og gefandi tengslum menntunar, menningar og lista.

Rannsóknir gefa til kynna að sé nemandinn virkjaður í listrænu starfi um leið og þættir úr hans eigin menningu eru fléttaðir með, þroskist hjá einstaklingnum sköpunarmáttur og frumkvæði, frjó og gagnrýnin hugsun, tilfinningaleg greind og siðrænt viðmið, sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði til hugsunar og athafna. Þessir eiginleikar eru sérstaklega mikilvægir í ljósi þeirra áskorana sem samfélög standa frammi fyrir á 21. öldinni. Menntakerfið hefur þá skyldu að veita nemendum slík tækifæri. Hér er um kennsluhætti 21. aldarinnar að ræða.

Til að ná fram þeim markmiðum þurfa list- og verkgreinar að vera sjálfsagður hluti af daglegri umræðu um skipulag skólastarfs, mati og umbótum sem unnið er að í öllu menntakerfinu.

- Skólanefndum innan KÍ er falið að móta sameiginlega stefnu varðandi eflingu list- og verkgreina í góðu samstarfi við fulltrúa fagfélaga list- og verkgreina.
- Skólastjórnendur og kennarar eru hvattir til að veita þessum þáttum skólastarfsins sérstaka athygli og leggja áherslu á eflingu greinanna, samstarf kennara, samþættingu greina / námssviða og sveigjanleika í kerfinu með gæði og metnað að leiðarljósi.
- Hver og ein list- og verkgrein er sjálfstætt fag og hefur eitthvað sérstakt fram að færa og því er nauðsynlegt að list- og verkgreinakennarar fái aukin tækifæri til að efla fagþekkingu sína í gegnum símenntun og starfsþróun.
- Þingið fer fram á það við þá háskóla sem mennta kennara að auka vægi og umræður í námi kennara um list- og verkgreinar og mikilvægi sköpunar í námi kennara. Það er nauðsynlegt að efla sérþekkingu kennara í þessum greinum. Í kennaranáminu er grunnurinn lagður.
- Stjórn og skólamálaráði KÍ er falið að fara þess á leit við mennta- og menningarmálaráðherra að fá fulltrúa á sviði lista í mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að hafa

umsjón með þessari þróun. Þá verði ráðherra hvattur til að hafa frumkvæði að því að myndaður verði samráðsvettvangur/stýrihópur sem hafi það hlutverk að samhæfa aðgerðir til að:

- efla listgreinar, bæði kennslu í listum og í gegnum listir,
- efla verkgreinar,
- stuðla að samþættingu skapandi greina við aðrar námsgreinar,
- efla skapandi starfshætti í skólastarfi,
- efla samstarf skólagerða.